

(Grein í Mbl sept 2017)

Valdimar Össurason:

Sjávarorkunýting; tækifæri og fordómar

Valorka ehf hefur í nær áratug unnið að tækniþróun til nýtingar á sjávarorku; eina verkefni á því sviði hérlendis. Í tilefni af háværrri umræðu um orkuvinnslu og umhverfismál er ekki úr vegi að velta því upp hvernig stjórnvöld hafa stutt við framgang þessarar nýju tækni til hreinustu orkunýtingar sem völ er á.

Fyrst örlítið um tæknina og verkefnið, en það lýtur að þróun hverfils sem hentar til virkjunar á sjávarfallastraumum. Sumir kynnu að furða sig á slíkri þróun hérlendis; eigum við ekki næga orku í vatnsföllum og jarðhita? Því má svara á tvennan hátt. Í fyrsta lagi ætti það núna að vera öllum ljóst að við erum komin að endamörkum þess sem unnt er að virkja á hefðbundinn hátt í sátt við ríkjandi umhverfissjónarmið, þó vissulega þráist orkurisarnir enn við. Við eigum hinsvegar enn ónýttar mestu orkuauðlindir landsins; sjávarorkuna, en það er sú orka sem síðari kynslóðir munu byggja á þegar viðbótar verður þörf. Hitt atriðið vegur þó jafnvel þyngra, en tækni Valorku er ætlað að verða íslenskt framlag í alþjóðlegu átaki til nýrra umhverfisvænna tæknilausna á sviði orkuvinnslu. Engin endurnýjanleg orkuuppspretta er áreiðanlegri en sjávarfallaorka, og líklega er engin virkjun jafn laus við umhverfisáhrif og sú íslenska; sem Valorka þróar núna.

Valorka hefur þróað margar hverflategundir en sú sem nú er unnið að, og væntanlega kemst í sjóprófanir á komandi sumri, hefur mikla sérstöðu. Þetta er tveggja ása hverfill sem í fullri stærð verður gríðarstór; líklega nær hálfur kílómetri að lengd og þar með langstærsti hverfill heims en jafnframt sá eðlisléttasti. Stærðin helgast af því að Valorka, ólíkt flestum öðrum þróunaraðilum sjávarorkutækni, vill beisla orku annesjastrauma sem algengir eru víða um heim; þar á meðal hér við land. Í þeim straumum er orkuþéttin mun minni en í straumhörðum sundum og því þarf algerlega nýja gerð hverfla. Takist jafn vel til og allt bendir núna til, verður ávinningur Íslendinga gríðarlegur. Við verðum þá komnir í fremstu röð þjóða í grænni orkutækni; með öllum þeim tækifærum sem slíkt þýðir í arðsemi, áliti og atvinnusköpun.

Nú skyldi maður ætla að stjórnvöld leggðu sig fram um að greiða götu slíkrar tækni gegnum stuðningsumhverfi nýsköpunar og skilvirka stefnumótun. En því fer fjarri, eins og vel sést á níu ára þrautagöngu þessa verkefnis. Verkefnið hefur hvarvetna mætt fordómum og hindrunum í hinu svonefnda „stuðningsumhverfi nýsköpunar“. Hér gefst ekki tækifæri til að lýsa því öllu í smáatriðum, en Valorka hefur lagt sig fram um að gera stjórnvöldum grein fyrir ágöllum kerfisins um leið og þeir koma fram. Því er jafnan svarað með þögn og þumbaragangi að hálfu stjórnvalda; jafnt ráðuneyta sem stofnana. Og fjölmiðlar eru af einhverjum ástæðum tilbúnir að ræða alla aðra gagnrýni á stjórnkerfið en þá sem lýtur að göllum nýsköpunarumhverfisins.

Sem dæmi um fordóma og andstöðu sem verkefnið hefur mætt má nefna hinn algera skort á samfellu og heildarhugsun í stuðningi við það að hálfu samkeppnissjóða. Öðru hvoru hefur verkefnið hlotið styrki, en þá aðeins tímabundið; án samfellu og einungis að hluta. Tækniþróunarsjóður hefur öðru hvoru stutt við verkefnið, en hann gerir kröfu til jafn mikils mótframlags. Orkusjóður veitti nokkrum sinnum styrki sem nýttust til þess, en hann hefur nú verið eyðilagður fyrir klaufaskap atvinnuvegaráðuneytisins og mistök Alþingis. Haustið 2014 gerði Alþingi lagabreytingu á Orkusjóði. Fyrir mistök var þar felld niður heimild hans til að veita styrki til þróunar nýrrar orkutækni. Þingmönnum hefur þráfaldlega verið bent á þessi mistök og þau eru viðurkennd, en samt er engin viðleitni til að lagfæra þau. Klaufaskapur í lagasetningu er slæmur ljóður á störfum Alþingis, en alvarlegt er ef slík mistök eru ekki leiðrétt.

Dæmi um algert skilningsleysi og fordóma stjórnvalda í umhverfis- og orkumálum eru fleiri. Ríkisstjórn synjaði á sínum tíma beinni umleitun Valorku um stuðning, þegar sjóðakerfið brást, þrátt fyrir yfirlýsingu forsætisráðherra um velvild hennar. Ríkisstjórn tók sjóði „græna hagkerfisins“ og nýtti þá í óskyld verkefni. Ekki var það þó sú stjórn sem nú fer frá, árgömul. Hinsvegar er það hennar synd að vilja ekki standa við Parísarsáttmálann nema að hluta til. Stefnumótun á hennar vegum miðaði einungis að því að minnka losun hérlendis á gróðurhúsalofttegundum, en ekki þann hluta sáttmálans sem uppáleggur ríkjum að styðja við nýsköpun á sviði umhverfistækni og miðla henni milli landa. Þetta fékk ég staðfest á fundi mínum með starfsmönnum tveggja ráðuneyta daginn áður en stjórnin sprakk.

Viljum við áfram búa við stjórnvöld sem sýna frumkvöðlaverkefnum slíkt skilningsleysi? Viljum við að stuðningskerfi nýsköpunar sé án alls heildarskipulags og sýni almennum frumkvöðlum fordóma og skilningsleysi? Viljum við standa við allar skuldbindingar þjóðarinnar á sviði umhverfis- og loftslagsmála? Viljum við nýta tækifæri sem skapast til að koma þjóðinni í fremstu röð á sviði eftirsóttar umhverfisvænnar tækni?

Valdimar Össurason

Höfundur er frkvstj Valorku ehf